

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2016 - 2017

1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. KVH fer með kjarasamningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

Félagið er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Birgir Guðjónsson, formaður
Ragnheiður Ragnarsdóttir, ritari
Ársæll Baldursson, gjaldkeri
Guðfinnur Þór Newman, meðstjórnandi
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Helga Sigurðardóttir, Hjálmar Kjartansson og Sæmundur Árni Hermannsson. Skoðunarmenn reikninga eru: Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir.

2. Almenn starfsemi

Á starfsárinu voru haldnir 24 stjórnarfundir. Þar var fjallað um réttinda- og kjaramál og önnur hagsmunamál félagsins. Einnig voru haldnir fundir kjarasamninga- og samstarfsnefnda félagsins og viðsemjenda. Þá tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum fundum á vegum BHM, einkum vegna kjaramála og lífeyrismála, ásamt kynningum KVH fyrir háskólanema í viðskipta- og hagfræði. Formaður félagsins sat einnig fundi formannaráðs BHM.

Einn stjórnarmanna KVH, Guðfinnur Þór Newman, var kosinn í stjórn BHM á síðasta aðalfundi bandalagsins og auk þess voru eftirtaldir félagsmenn kosnir í önnur embætti á vegum BHM: Gunnar Gunnarsson sem skoðunarmaður reikninga og fulltrúi í uppstillingarnefnd BHM, Ragnheiður Ragnarsdóttir í stýrihóp um fag- og kynningarmál, Hjálmar Kjartansson í Sjúkrasjóð BHM, Halla Sigrún Sigurðardóttir í Starfsmenntunarsjóð BHM og Gunnar Gunnarsson í Orlofsjóð BHM.

Starfsmenn KVH eru tveir, framkvæmdastjóri Hallur Páll Jónsson og verkefnastjóri Karen Ósk Pétursdóttir og sinna þau fjölmörgum verkefnum fyrir félagsmenn í viku hverri, sem lúta að kjaramálum og réttindamálum. Ávallt er nokkuð um að félagsmenn leiti aðstoðar vegna mála er varða ráðningar, launakjör, áminningar, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Einnig hafa nokkrir félagsmenn leitað til félagsins vegna atvinnutengdra veikinda. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins

veitt umsagnir um ýmis álitamál. Í einstaka tilfellum hefur félagið leitað fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Húsnæðismál BHM voru nokkuð til umfjöllunar á árinu og stóð húsfélag Borgartúns 6 fyrir umfangsmiklum lagfæringum á húsnæðinu utanhúss og innan. KVH er eignaraðili að Húsfélagi BHM og á þar hlutdeild sem svarar til rúmgóðs skrifstofuherbergis, auk hlutdeildar í sameign. Að auki leigir KVH eitt skrifstofuherbergi af BHM. Stefnt er að því að KVH kaupi það rými og auki þar með eignarhlutdeild sína í húsfélagi BHM.


KVH auglýsti starfsemi sína í Viðskiptablaðinu, námsmannablöðum og víðar, og stefnir að frekari markaðssetningu, enda markmiðið að KVH verði „fyrsta val“ nýútskrifaðra viðskipta- og hagfræðinga.

Félagi hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Engu að síður er félagsgjaldið til KVH eitt það lægsta sem greitt er til stéttarfélags enda er markmið félagsins ekki að safna í sjóði heldur að veita félagsmönnum góða og nauðsynlega þjónustu, og efla þeirra hag.

2. Félagsmenn


Félagsmönnum hefur fjölgað talsvert síðastliðin ár. Langmest er aukningin vegna starfa á almenna vinnumarkaðinum. Ef miðað er við október mánuð 2016, sem er heppilegur viðmiðunarmánuður, voru greiðandi félagsmenn KVH á þeim tímapunkti alls 1.340, en á sama tíma árið áður voru þeir 1.223. Að viðbættum þeim félagsmönnum sem síðan hafa bæst við þar til nú í mars, er fjöldi greiðandi félagsmanna orðinn um **1.400**. Þar til viðbótar má geta þeirra félagsmanna sem skráðir eru með námsmannaaðild, en þeir voru í október 2016 um 180.

Ef rétt er haldið á spilunum, má ætla að þessi þróun muni halda áfram og þá sérstaklega með áframhaldandi markaðssetningu og kynningum til námsmanna í öllum háskólum landsins.



Hlutfall kynja félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um 58% félagsmanna en karlar 42%. Meðalaldur greiðandi félagsmanna er nú 44 ár.

Ef litið er á skiptingu greiðandi félagsmanna í október 2016 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er myndin þessi: Um 51% starfa á almenna vinnumarkaðinum, 36% starfa á ríkisstofnunum, rúmlega 7% vinna hjá sveitarfélögum og rúmlega 4% starfa hjá Reykjavíkurborg, en atvinnuleitendur eru tæplega 2%.



Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Með þetta í huga hefur KVH meðal annars horft til háskólanema. Félagið hefur gert sérstaka samstarfssamninga við sex félög nemenda í viðskipta- og hagfræði við háskólana fjóra, haldið kynningar, vísindaferðir og námskeið fyrir þá sem námsmannaaðild hafa. Einnig má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafélks í samvinnu við BHM.

3. Kjaramál og samningar

Félagið tók þátt í kjarakönnun BHM í mars/apríl 2016 en hún náði til þeirra félagsmanna sem voru við störf í nóvember 2015. Þátttaka félagsmanna KVH var viðunandi en svör bárust frá 579 félagsmönnum og var svarhlutfall um 49%, en heildarþátttaka BHM félaga var um 39%. Samkvæmt könnuninni virðist sem meðal mánaðartekjur þeirra KVH félagsmanna sem þátt tóku hafi verið um 728 þús kr. á árinu 2015, en til samanburðar voru meðal mánaðartekjur BHM fólks um 639 þús kr. (Hér er átt við heildarlaun en ekki dagvinnulaun á mánuði).

Ef litið er til meðal heildarlauna félagsmanna KVH hjá ríkinu í september 2016 þá voru þau um 790 þús kr. Heildarlaun félagsmanna hjá sveitarfélögum voru ívið lægri að meðaltali, en laun félagsmanna á almennum markaði hafa að jafnaði verið nokkru hærrí.

Ýmsir aðrir aðilar framkvæma launakannanir sem að einhverju leyti ná til viðskiptafræðinga og annarra háskólamanna á almennum vinnumarkaði, en þær eru ekki samanburðarhæfar innbyrðis.

Flestir kjarasamningar KVH voru endurnýjaðir árið 2015 með gildistíma til ársbyrjunar 2019. Þó var sú undantekning að á miðju ári 2016 lauk kjarasamningum við Samband ísl. sveitarfélaga. KVH hélt óbreyttri stefnu sinni gagnvart sveitarfélögum og hafnaði alfarið þeirri leið að undirgangast Starfsmat, en það felur í sér afsal samningsréttar um verðmæti einstakra starfa. Samningar við opinberu aðilana voru gerðir með hliðsjón af samkomulagi um samræmda launastefnu stærstu aðila vinnumarkaðarins til ársloka 2018 (*SALEK rammksamkomulagið*). BHM var þó ekki aðili að því samkomulagi, einkum vegna ágreinings um lífeyrismál.

Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins er hins vegar ótímabundinn og standa nú yfir viðræður við SA um endurnýjun hans og er fulltrúi KVH í þeim samningaviðræðum. Nú þegar hafa aðilar samið um hækkun lífeyrisframlags líkt og hjá öðrum aðilum á almenna vinnumarkaðinum, en lífeyrisframlag vinnuveitanda hækkar í áföngum úr 8% í 11,5%.

Á starfsárinu var áfram unnið að endurnýjun stofnasamninga ríkisstofnana og það verkefni heldur áfram enda ríkisstofnanir fjölmargar. KVH gekk frá samkomuagi við ríkið um staðlað form stofnasamninga og um sérstök launablöð sem skýra heildarsamsetningu launa á hverjum tíma, í samræmi við bókun þar um. Einnig var lokið vinnu við mat á launaþróun í samræmi við bókanir.

Þá tók verkefnastjóri KVH mikinn þátt í undirbúningsvinnu með ríkinu við framkvæmd og sameiginlega kynningu á eðli og inntaki stofnasamninga, en þær kynningar og námskeið standa nú yfir fyrir starfsmenn ríkisstofnana.

4. Kaupmáttarþróun og norrænt kjarasamningalíkan



Það samkomulag sem stærstu aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér haustið 2015 og kallað hefur verið rammksamkomulag um samræmda launaþróun til ársloka 2018 eða Salek samkomulagið, hefur beint og óbeint haft áhrif á kjarasamninga háskólamanna, auk Gerðardóms á þau stéttarfélög sem í verkföll fóru vorið 2015. Engu að síður hafa ríki og sveitarfélög gert kjarasamninga á tímabilinu sem ekki eru innan þessara viðmiða.

Þrátt fyrir það hafa aðilar vinnumarkaðar verið sammála um mikilvægi þess að stefna að því að taka upp nýjar aðferðir að norrænni fyrirmynd við gerð kjarasamninga, til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt. Þessi vinna við að þróa nýtt íslenskt kjarasamningalíkan í átt til þess sem er á hinum Norðurlöndunum, er mjög mikilvæg.

Til þess að standa betur að vígi í þeirri vinnu, fór stjórn KVH og starfsmenn í sérstaka vinnuferð til Stokkhólms og Kaupmannahafnar s.l. haust og ræddu þar við forsvarsmenn stéttarfélaga viðskiptafræðinga í Svíþjóð (*Civilekonomerna*) og Danmörku (*Djöf*), auk fulltrúa heildarsamtaka háskólamanna í báðum löndum (*Saco* og *Akademikerne*). Sú ferð var mjög gagnleg og upplýsandi um vinnubrögð og fyrirkomulag samningamála á Norðurlöndum.

Kaupmáttarþróun hefur verið jákvæð undanfarin misseri og verðbólga undir verðbólguviðmiðunum. Þetta hefur skilað flestum launþegum talsverðum ávinningi. Fyrir

Þessu eru ýmsar efnahagslegar ástæður, sem ekki verður vikið að hér. Þessi staða er hins vegar viðkvæm og mikilvægt að tryggja áframhaldandi aukinn kaupmátt.



Lífeyrismál

Síðastliðið haust gerðu BHM, BSRB og KÍ, Samkomulag við ríki og sveitarfélög um „breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna“. KVH og nokkur fleiri aðildarfélög BHM lögðust gegn þessu samkomulagi eins og það lá fyrir, en það var engu að síður samþykkt. Það varð grunnur að frumvarpi til laga um breytingum á lögum um LSR. KVH veitti umsögn um frumvarpið og fór á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem ýmis ákvæði frumvarpsins voru gagnrýnd. Þá lét KVH vinna fyrir sig rannsókn og skýrslu um virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum A-deildar LSR, sem dr. Oddgeir Ottesen vann, og fylgdi með umsögn KVH til Alþingis. Niðurstaðan varð því miður sú að frumvarpið var samþykkt óbreytt og ný lög urðu til sem fela í sér lakari lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Um þetta má sjá nánari umfjöllun á vefsíðu KVH.

Hins vegar samdi samninganefnd aðildarfélaga BHM nýverið við SA um hækkun lífeyrisframlags á almennum vinnumarkaði, þannig að það hækkar í áföngum og verður orðið 11,5% árið 2018, líkt og það er á opinberum vinnumarkaði.

Atvinnuástand

Atvinnuástand hefur batnað jafnt og þétt undanfarin ár. Skráð atvinnuleysi í janúar sl. var aðeins um 3% á landinu öllu en þá voru að meðaltali um 5.800 atvinnulausir (þar af var 29% þess hóps erlendir ríkisborgarar). Um 26% atvinnuleitenda voru með háskólanám að baki. Þetta hlutfall hefur aukist undanfarin ár, samhliða fjölgun þeirra sem ljúka háskólanámi.

Fjöldi viðskiptafræðinga sem voru skráðir atvinnuleitendur og greiddu jafnframt félagsgjald til KVH var að meðaltali 23 á árinu 2016, hefur sú tala haldist svipuð um nokkurt skeið. Um 150 viðskiptafræðingar voru að meðaltali á atvinnuleysissskrá á síðasta ári skv. tölum Vinnuálastofnunar og hefur sú tala ekki verið lægri síðan árið 2008. KVH greiðir framlag í sameiginlega sjóði BHM fyrir þá félagsmenn sem eru tímabundið atvinnuleitendur og greiða sjálfir félagsgjöld.

BHM hefur margsinnis brýnt fyrir stjórnvöldum mikilvægi þess að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi þar sem lögð er áhersla á menntað vinnuafli er stuðli að verðmætaaukningu og gefi af sér verðmæt störf. Þessari brýningu þarf að halda áfram.

Verkefni stjórnar KVH starfsárið 2017-2018

Á starfsárinu 2017-2018 verður haldið áfram viðræðum um endurnýjun sameiginlegs kjarasamnings aðildarfélaga BHM við Samtök atvinnulífsins, og jafnvel nýrra aðila á almenna vinnumarkaðinum.

Þá mun væntanlega halda áfram vinna og umræður innan BHM um nýtt kjarasamningsumhverfi að norrænni fyrirmynd. Ljóst er þó að sú umræða er á byrjunarreit og mikið verk óunnið á þeim vettvangi.

Aukin samskipti og þjónusta við félagsmenn á almennum vinnumarkaði verður sem fyrr eitt af áhersluatriðum komandi starfsárs, en þar er stærstur hópur félagsmanna KVH, eins

og áður hefur komið fram. Samhliða því heldur áfram talsverð vinna við endurnýjun stofnanasamninga á hinum fjölmörgu ríkisstofnunum.

Mikilvægt er að byggja upp trúnaðarmannakerfi félagsins og ná betur til félagsmanna á vinnustöðum þar sem þeir starfa..

KVH mun áfram standa fyrir námskeiðum handa hinum fjölmörgu háskólanemum sem eiga námsmannaaðild að KVH, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og nágrenni. Á þessum námskeiðum munu háskólanemar m.a. fá leiðsögn um starfsumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarsamninga. Er þetta einn liðurinn í samstarfssamningi KVH við nemendafélög háskólanna.

Það eru því mörg mikilvæg verkefni sem bíða handan við hornið þótt nokkur friður verði á vinnumarkaði fram á byrjun árs 2019.

Reykjavík, 23. mars 2017

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Birgir Guðjónsson formaður